



Fundargerð foreldraráðs leikskólans Glaðheima 2022-2023

1. fundur, 7. september 2022

Fundinn sátu: Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir, Inga Rós Georgsdóttir (*forföll*), Magnús Ingi Jónsson, Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson starfandi leikskólastjóri.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun 2022-2023.

- 1.1. Fórum yfir starfsáætlun vegna skólaársins án athugasemda.
 - 1.1.1. Gunnþór fylgir henni eftir á fundi fræðslumálaráðs 8. september og fer svo á heimasíðuna.

2. Skólanámskrá.

- 2.1. Var uppfærð síðasta vetur og framundan er að innleiða þær breytingar sem urðu á henni.
 - 2.1.1. Skólanámskráin er á heimasíðu leikskólans.

3. Barngildi og viðmið um grunnmönnun og verklag vegna fáliðunar.

- 3.1. Leikskólar styðjast við svokölluð barngildi til þess að leggja grunn að mönnun leikskólans og skipulagi hvað varðar stærð hópa og mönnun á hverjum tíma.
 - 3.1.1. Fórum í gegnum viðmiðin, ræddum stöðu í ráðningum og hvaða verkefni eru framundan í skipulagi leikskólans.
 - 3.1.1.1. Nýr leikskólastjóri, Salóme Halldórsdóttir, hefur verið ráðin og tekur við 1. nóvember. Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum frá síðasta skólaári.

4. Skýrsla um innra mat 2022 og umbótaáætlun.

- 4.1. Skýrslan ásamt umbótaáætlun er komin á heimasíðuna en í henni er samantekt á mati skólans á sínu starfi síðasta skólaár og í henni er að finna stöðu leikskólans gagnvart gæðaviðmiðum um leikskólastarf.
 - 4.1.1. Fórum aðeins inn í skýrsluna og ræddum gæðaviðmið og skólastefnu.
 - 4.1.1.1. Leikskólinn hefur unnið markvisst að því undanfarin 3 ár að innleiða og tileinka sér að standast gæðaviðmið um leikskólastarf sem m.a. birtast í skólastefnu Bolungarvíkur og vel hefur gengið. Umbætur má sjá í umbótaáætlun.

5. Leikskólalóðin

- 5.1. Bréf um ástand leikskólalóðar og kröfur um úrbætur frá foreldraráði og foreldrafélagi.
 - 5.1.1. Bréfið fer fyrir fræðslumálaráð 8. september.
 - 5.1.2. Umræður um mikilvægi þess að vinna heildstætt út frá þeim gögnum sem til eru um eftirlit og umbætur en einnig hver framtíðarsýnin er með leiksvæðið og aðgengi fyrir alla.
 - 5.1.2.1. Mikilvægt að móta sýn og gera áætlun sem má vinna að á t.d. 2 árum og þannig hægt að gera ráð fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun.
 - 5.1.2.1.1. Mikilvægt að draga saman þau gögn sem til eru s.s. skýrslu Vinnueftirlitsins (Gunnþór hefur hana ekki en Vinnueftirlitið hringdi í lok ágúst og ætlaði að senda hana-Gunnþór ítrekaði með pósti 7. september að fá skýrsluna.
 - 5.1.2.1.2. Skoðunarskýrslu Heilbrigðiseftirlits frá 14.12.2021 þar sem bent er á nokkra þætti sem þarfnast úrbóta á húsnaði og lóð og ítrekað að það þarf að láta framkvæma aðalskoðun leiksvæðis.

Hér má lesa bréfið frá foreldrum:

Bréf um ástand leikskólalóðar og kröfur um úrbætur frá foreldraráði og foreldrafélagi.

Bolungarvík 2. júní 2022

Bæjarráð Bolungarvíkur (afrit sent á leikskólastjóra)

Aðalstræti 12

415 Bolungarvík

Efni: Ástand leikskólalóðar og kröfur um úrbætur

Við í foreldrafélagi og foreldraráði leikskólans Glaðheima teljum ástand leikskólalóðarinnar óásættanlegt hvað varðar öryggi fyrir börnin okkar og teljum að þurfi að fara í endurbætur hið snarasta til að bæta úr því. Við gerum einnig kröfu um að auka afþreyingar möguleika á leikskólalóðinni með því að nýta það sem til er af leiktækjum frá Lambhaga og setja þau upp á lóðinni. Ef til vill væri hægt að fara eftir teikningum sem til eru að hönnun lóðarinnar við þá vinnu.

Við teljum að hægt sé að bæta líttillega ástandið með litlum tilkostnaði þar til framkvæmdir hefjast á lóðinni, þá helst að hræra í leikvallaperlu (sem á að sinna reglulega og hefur ekki verið gert), laga brotnar og mishæðóttar hellur, helluleggja við inngangana, laga kantsteinana, laga sandkassann svo eitthvað sé nefnt. Við höfum rætt við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og eru þeir

tilbúnir að veita ráðgjöf og aðstoð ef þess þarf. Við skorum á Bolungarvíkurkaupstað að ráðast í endurbætur á leikskólalóðinni sem fyrst, til dæmis að nota sumarfríslokun til þess.

Með von um skjót og góð viðbrögð,

Foreldrafélag leikskólans

Rebekka Líf Karlsdóttir

Hulda Birna Albertsdóttir

Arndís Dögg Jónsdóttir

Foreldraráð leikskólans

Magnús Ingi Jónsson

Inga Rós Georgsdóttir

Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir

Fleira ekki gert.

Fundargerð 3 bls. ritar Gunnþór.